

Fundargerð fjallskilanefndar Laxárdals 2019

Föstudaginn 30.ágúst 2019 kom fjallskilanefnd saman til fundar að Svarfhóli kl.20:00. Allir fundarmenn voru mættir.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Þetta var gert:

1. Aðalbókarhreyfingar fjallskilasjóðs lagðar fram og er staðan við Dalabyggð -154.639. Fjárhagur ræddur í framhaldi þess. Dagsverk er aðeins reiknað á það fé sem er skráð á Ljárskógafjall, Norðurfjöll og Suðurfjöll. Hausagjald ákveðið kr. 160 á kind. Ákveðið var að hafa 44 kindur í dagsverki.
2. Álagning fjallskila í Laxárdal. Dagsverkum var jafnað niður á fjáreigendur, fjallskilanefndin samþykkti að leitir fari fram skv. fjallskilareglugerð. Fyrsta leit fari því fram laugardaginn 14. sept.og fyrsta rétt sunnudaginn 15. sept. kl 12:00. Önnur leit fari fram laugardaginn 28.sept og önnur rétt sunnudaginn 29.sept kl 16:00. Þriðju leit skal vera lokið fyrir 25. okt. Fé sem sótt er utan lögréttartíma með samþykki fjallskilanefndar skal flutt í fjárhúsin á Svarfhóli í samráði við Harald Ó Haralds. Nefndin ákvað að semja við Böðvar B Magnússon og Bjarna Hermannsson um flutning á fé úr réttum, en eingöngu er samið um flutning fjár á lögréttartíma. Ef flytja þarf á öðrum tíma þurfa eigendur að bera þann kostnað sjálfir og eða leita eftir samþykki fjallskilanefndar hverju sinni. Fé úr Bitru skal sótt í samráði við réttarmenn sem þangað fara á réttardag. Að öðrum kosti ef næst á fullan bíl, annars verður að leita eftir samþykki fjallskilanefndar um flutning á kostnað fjallskilasjóðs.
3. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að fara með safngirðingum og gera við fyrir lögréttir. Þörf er á að negla réttina upp fyrir haustið, grindverkið er sum staðar að detta niður vegna þess að naglar eru nánast brunnir í sundur. Laga þarf aðkomu að réttinni fyrir fé og vagna. Var réttarstjóra falið að fara yfir þessi mál með vörslumanni eigna hjá Dalabyggð.
4. Fjallskilanefnd hefur áhyggjur af fjölgun refa á svæðinu og vill áréttta við sveitastjórn að finna lausn á þeim málum.
5. Lögð er áhersla á að fjáreigendur skili sínum dagsverkum samkvæmt leitarseðli.
6. Dagsverk var lagt á vegna viðhalds girðinga frá Fáskrúð að Hróðnýjarstöðum.
7. Rætt var um kostnað og vinnu vegna kvöldmatar fyrir leitarmenn á Ljárskógarfjalli í fyrstu leit, hvort það verði metið til dagsverks eða innheimt með öðrum hætti.
8. Ákveðið var að leggja 5 dagsverk á til viðbótar í Bitru vegna sameiginlegra leita Hrútfirðinga og Laxdælinga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Harald Ó Haralds (formaður)
Fanney Þóra Gísladóttir
Jónína Magnúsdóttir